



Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn – 3. bekkur

Húsdýragarðurinn býður nemendum 3. bekkjar í námsheimsókn í garðinn þar sem þau fá fræðslu um húsdýrin sem þar búa. Boðið er upp á verkefni sem unnið er út frá námsefni yngsta stigs grunnskóla og tengist eftirfarandi námsefni; **Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera** og **vefur um íslensku húsdýrin**.

Athugið! Ekki verður hægt að bjóða upp á rútuþjónustu með heimsókninni í ár svo skólar verða sjálfir að koma hópum sínum til og frá Húsdýragarðinum.

Upplýsingar

- ✓ Tímabil heimsókna er frá **9. janúar til 31. mars 2023**
- ✓ Tekið er á móti hópum á **mánudögum, miðvikudögum og föstudögum**.
- ✓ **Fræðsla** hefst stundvíslega **kl. 09:45**.
- ✓ **Frjáls tími** nemenda með kennurum í garðinum er **eftir kl. 10:45**.
- ✓ **Selum er gefið að éta kl. 11:00**, (getur verið áhugavert að sjá það).
- ✓ Fjöldi nemenda í hverri heimsókn getur verið að **hámarki 50**. Ef fjöldi nemenda er meiri en 25 þá verður þeim skipt niður í tvo minni hópa í garðinum.

Frekari upplýsingar, lausar dagsetningar og bókanir eru að finna á [heimasíðu MÚÚ](#).

Verið velkomin í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og munið að mæta vel klædd til útiveru!

